

AUGLÝSING

um deiliskipulag, hlíðin neðan Gleiðarhjalla, ytri hluti, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. júlí 2010 var samþykkt deiliskipulag hlíðarinnar neðan Gleiðarhjalla, ytri hluta, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Skipulagssvæðið tekur til tæplega 10 ha svæðis ofan við Hjallaveg og Hlíðarveg að Urðarvegi. Gert er ráð fyrir stækkun og breytingu á núverandi varnargarði, sem er um 640 m langur. Gert er ráð fyrir að dýpka skurðinn um u.þ.b. einn metra og nýta uppgröftinn til að hækka varnargarðinn. Jafnframt er gert ráð fyrir að breikka rásina í fjóra metra. Deiliskipulagið gerir auk þess ráð fyrir að aðveitustöð fyrir rafmagn verði færð niður fyrir varnargarðinn á öruggt svæði. Gert er ráð fyrir göngustíg eftir garðinum og tengingu hans við stíga og götur bæjarins. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðstíg ofan við varnargarðinn.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 6. júlí 2010.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2010